

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/69/EB

2006/EES/30/32

frá 11. júlí 2003

**um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat, lambda-sýhalótrín, kresoxím-metýl, asoxýstróbín og tiltekin díþiókarbamöt (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003 <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar um er að ræða afurðir úr jurtaríkinu, þ.m.t. aldin og grænmeti, skal gildi efnaleifa endurspegla notkun á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur þannig að leifarnar verði eins litlar og komist verður af með og viðunandi frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, einkum með tilliti til umhverfisverndar og þess magns sem áætlað er að berist í neytendur með fæðu. Hámarksgildi leifa (MRL) í Bandalaginu samsvarar efri mörkum magns slíkra leifa sem vænta má að gætu fundist í vörum þótt framleiðendur virði góðar starfsvenjur í landbúnaði.
- 2) Hámarksgildi leifa eru í stöðugri endurskoðun og er gildunum breytt þannig að tekið sé tillit til nýrra upplýsinga og gagna. Hámarksgildi leifa eru ákvörðuð við neðri greiningarmörk ef leyfileg notkun plöntuvarnarefnis hefur ekki í för með sér greinanlegar varnarefnaleifar í eða á matvælunum eða ef engin notkun er leyfð eða ef notkun, sem aðildarríkin hafa leyft, hefur ekki verið studd nægjanlegum gögnum eða ef notkun í þriðju löndum, sem hefur í för með sér efnaleifar í eða á matvælum sem kunna að fara í dreifingu á markaði Bandalagsins, hefur ekki verið studd nægilega traustum gögnum.
- 3) Að því er varðar klórmekvat hafa aðildarríkin og hagsmunaaðilar tilkynnt framkvæmdastjórninni að mengun í perum vegna bakgrunnsgilda klórmekvats í umhverfinu, sem leiðir af fyrri notkun, sé enn marktæk. Eftirlitsgögn hafa leitt í ljós að efnaleifarnar minnka það hægt að bráðabirgðagildi leifa, sem kveðið er á um í tilskipun 90/642/EBE, þurfa að haldast óbreytt í þrjú ár til viðbótar.

- 4) Að því er varðar lambda-sýhalótrín, kresoxím-metýl, asoxýstróbín og mankóseb hafa umsóknir um ný og breytt notkunarvið verið afhentar skýrslugjafaríkjunum. Notkunarviðin hafa verið metin og komist var að þeirri niðurstöðu að þau leiddu ekki til þess að neytendur yrðu fyrir óviðunandi váhrifum.
- 5) Með núgildandi aðferðum við reglubundnar efnagreiningar er ekki unnt að greina mankóseb frá öðrum díþiókarbamötum (maneb, mankóseb, metíram, própíneb og síneb (summa, gefin upp sem CS<sub>2</sub>)), sem er ástæðan fyrir því að skilgreining efnaleifanna á við um allan flokk díþiókarbamata.
- 6) Framkvæmdastjórnin hefur ályktað að skynsamlegt sé að breyta hámarksgildi leifa sums staðar með tilliti til hugsanlegrar áhættu fyrir neytendur. Mikilvægt er að aðildarríkin gripi til frekari aðgerða við áhættustjórnun þannig að neytendur fái nægilega vernd.
- 7) Ævilöng og skammtímaváhrif varnarefna, sem um getur í þessari tilskipun, á neytendur og stafa frá matvælum hafa verið tekin til endurskoðunar og metin í samræmi við reglur og venjur innan Bandalagsins með tilliti til viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út <sup>(3)</sup>. Reiknað hefur verið út að hámarksgildi leifa, sem er fastsett með þessari tilskipun, muni ekki leiða til þess að neytendur verði fyrir óviðunandi váhrifum.
- 8) Bráð váhrif þessara varnarefna á neytendur sem stafa frá sérhverri matvæategund, sem hugsanlegt er að innihaldi leifar, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem farið er eftir innan Bandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út. Niðurstaðan er sú að tilvist varnarefnaleifa við þau hámarksgildi leifa, sem lagt er til í þessari tilskipun, eða undir þeim gildum muni ekki valda bráðum eiturrifum.
- 9) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Bandalagsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um það hámarksgildi leifa sem lagt er til í þessari tilskipun og tillit tekið til athugasemda þeirra.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 175, 15.7.2003, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

- 10) Tekið hefur verið tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um þær aðferðir sem skulu notaðar til að vernda þá sem neyta landbúnaðarvara sem hafa verið meðhöndlaðar með varnarefnum.
- 11) Breyta ber viðaukanum við tilskipun 90/642/EBE til samræmis við þetta.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í færslunni um kresoxím-metýl á jarðarberjum komi „1 (p) mg/kg“ í stað „0,2 (p) mg/kg“.
2. Í færslunni um díþíókarbamöt: „Maneb, mankóseb, metíram, própíneb og síneb (summa, gefin upp sem CS<sub>2</sub>)“ komi „2 mg/kg“ í stað „0,2 mg/kg“ á hreðkum og „1 mg/kg“ í stað „0,05\* mg/kg“ á vorlaukum.
3. Í færslunni um klórmekvat á perum komi eftirfarandi í stað neðanmálgreinar t:  
„t) Bráðabirgðagildi leifa, 0,3 mg/kg, gildir til 31. júlí 2006“.
4. Í stað færslanna um asoxýstróbín og lambda-sýhalótrín komi færslurnar í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. ágúst 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

„Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Lambda-sýhalótrín
<b>1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frystingu án viðbættis sykurs; hnetur</b>		
<b>i) SÍTRUSÁVEXTIR</b>	1	
Greipaldin		0,1
Sítrónur		0,2
Súraldin (límónur)		0,2
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)		0,2
Appelsínur		0,1
Pómelónur		0,1
Annað		0,02 (*)
<b>ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar)</b>	0,1 (*)	0,05 (*)
Möndlur		
Parahnetur		
Kasúhnetur		
Kastaníuhnetur		
Kókoshnetur		
Heslihnetur		
Goðahnetur (makadamíahnetur)		
Pekanhnetur		
Furuhnetur		
Pistasíuhnetur		
Valhnetur		
Annað		
<b>iii) KJARNAÁVEXTIR</b>	0,05 (*)	0,1
Epli		
Perur		
Kveði		
Annað		
<b>iv) STEINALDIN</b>	0,05 (*)	
Apríkósur		0,2
Kirsuber		

„Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Lambda-sýhalótrín
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)		0,2
Plómur		
Annað		0,1
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN		
a) Vínber og þrúgur	2	0,2
Vínber		
Þrúgur		
b) Jarðarber (önnur en villt)	2	0,5
c) Klungurber (önnur en villt)		0,02 (*)
Brómber	3	
Daggarber (elgsber)		
Logaber		
Hindber	3	
Annað	0,05 (*)	
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)	0,05 (*)	
Aðalbláber		
Trönuber		
Rífsber (rauð og hvít) og sólber		0,1
Garðaber		0,1
Annað		0,02 (*)
e) Villt ber og aldin	0,05 (*)	0,2
vi) ÝMISLEGT		0,02 (*)
Lárperur		
Bananar	2	
Döðlur		
Fíkjur		
Kíví		
Dvergappelsínur		
Litkaber		
Mangó		
Ólífur		
Píslaraldin		
Ananas		
Granatepli		
Annað	0,05 (*)	

„Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Lambda-sýhalótrín
<b>2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað</b>		
<b>i) RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI</b>		
Rauðrófur		
Gulrætur	0,2	
Hnúðsilla	0,3	0,1
Piparrót	0,2	
Ætífíll		
Nípur	0,2	
Steinseljurót	0,2	
Hreðkur		0,1
Hafursrót	0,2	
Sætuhnúðar		
Gulrófur		
Næpur		
Kínakartöflur		
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)
<b>ii) LAUKAR</b>		
Hvítlaukur		
Laukur		
Skalottlaukur		
Vorlaukur	2	0,05
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)
<b>iii) ALDINGRÆNMETI</b>		
<b>a) Kartöfluætt</b>		
Tómatar	2	0,1
Paprikur	2	0,1
Eggaldín	2	0,5
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)
<b>b) Graskersætt — með ætu hýði</b>	1	0,1
Gúrkur		
Smágúrkur		
Dvergbitar		
Annað		

„Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Lambda-sýhalótrín
c) Graskersætt — með óætu hýði	0,5	0,05
Melónur		
Grasker		
Vatnsmelónur		
Annað		
d) Sykurmaís	0,05 (*)	0,05
iv) KÁL		
a) Blómstrandi kál		0,1
Spergilkál (þ.m.t. kalabriukál)		
Blómkál	0,5	
Annað	0,05 (*)	
b) Kálhöfuð		
Rósakál		0,05
Höfuðkál	0,3	0,2
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)
c) Blaðkál	0,05 (*)	1
Kínakál		
Grænkál		
Annað		
d) Hnúðkál	0,2	0,02 (*)
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR		
a) Salat og áþekkt grænmeti	3	1
Karsi		
Lambasalat		
Salat		
Vetrarsalat (salatfífill með breiðum blöðum)		
Annað		
b) Spínat og áþekkt grænmeti	0,05 (*)	
Spínat		0,5
Strandblaðka		
Annað		0,02 (*)
c) Brunnperla	0,05 (*)	0,02 (*)
d) Jólasalat	0,2	0,02 (*)

„Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Lambda-sýhalótrín
e) Kryddjurtir	3	1
Kerfill		
Graslaukur		
Steinselja		
Blaðsellerí		
Annað		
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir)		
Baunir (með fræbelg)	1	0,2
Baunir (án fræbelgs)	0,2	0,02 (*)
Ertur (með fræbelg)	0,5	0,2
Ertur (án fræbelgs)	0,2	0,2
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt)		
Spergill		
Salatþistill		
Sellerí	5	0,3
Fennika		
Ætiþistill	1	
Blaðlaukur	0,1	0,3
Rabarbari		
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)
viii) SVEPPIR	0,05 (*)	
a) Ræktaðir ætisveppir		0,02 (*)
b) Villtir ætisveppir		0,5
3. Belgávextir	0,1	0,02 (*)
Baunir		
Linsubaunir		
Ertur		
Annað		
4. Olúfræ		0,02 (*)
Hörfræ		
Jarðhnetur		
Valmúafrae		

„Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Lambda-sýhalótrín
Sesamfræ		
Sólblómafræ		
Repjufræ	0,5	
Sojabaunir	0,5	
Mustarðskorn		
Baðmullarfræ		
Annað	0,05 (*)	
<b>5. Kartöflur</b>	0,05 (*)	0,02 (*)
Sumarkartöflur		
Kartöflur af haustuppskeru		
<b>6. Te</b> (þurrkuð lauf og stílkar, einnig gerjuð, <i>Camellia sinensis</i> )	0,1	1
<b>7. Humlar</b> (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkt duft	20	10
(*) Sýnir neðri greiningarmörk.“		